

VSÓ RÁÐGJÖF



Skipulags- og umhverfismál




Hvað er skipulagsáætlun?

Skipulagsáætlanir eru langtímaáætlanir og mikilvægt stjórn tæki sveitarstjórna m.t.t. landnotkunar, þróunar og reksturs viðkomandi sveitarfélags. Um svæðisskipulag, aðalskipulag, rammaskipulag eða deiliskipulag getur verið að ræða. Mikilvægt er að slíkar áætlanir byggji á traustum grunni sem felst m.a. í:

- Góðum undirbúningi
- Skýrum tilgangi og sameiginlegri sýn á markmið strax í upphafi
- Skilvirkum samskiptum og upplýsingagjöf milli hagsmunaaðila
- Ýtarlegri greiningu umhverfispáttá, sóknarfæra og mögulegra vandamála
- Gagnaöflun og framsetningu upplýsinga

Margir og mismunandi aðilar koma að skipulagsvinnunni. Skýr og markviss miðlun upplýsinga er því lykilatriði til að hagsmunaaðilar séu samtíga þegar taka þarf stefnumótandi ákvarðanir.



Hvað er umhverfismat áætlana?

Umhverfismat áætlana er verklag sem er notað til að samþætta umhverfissjónarmið inn í áætlanagerð strax á fyrstu stigum ákvarðanatöku. Í umhverfismati felst m.a.:

- Lagt mat á helstu afleiðingar áætlunarinnar á umhverfið
- Samanburður á umhverfisáhrifum mismunandi valkosta
- Kynning og samráð við almenning og stofnanir
- Áætlun um vöktun umhverfisáhrifa
- Gerð umhverfisskýrslu

Umhverfismat áætlana er unnið fyrir skipulagsáætlanir og framkvæmdaáætlanir. Skipulagsáætlanir sem háðar eru umhverfismati eru fyrst og fremst aðalskipulag og breytingar á slíkum áætlunum.



Þjónusta

VSÓ Ráðgjöf býður upp á þjónustu á sviði skipulagsmála og umhverfismats áætlana en hér starfar breiður hópur af fagfólki með víðtæka þekkingu og reynslu á þessu sviði. Auk þess eru samstarfsaðilar VSÓ af ýmsum toga og má nefna almannatengslafyrirtæki, lögfræðistofur, sérfræðistofnanir og arkitektastofur.

Umfang þjónustu VSÓ tekur mið af aðstæðum og þörfum sveitarfélagsins hverju sinni og spannar allt frá verkefnisstjórnun við skipulagsvinnu fyrir sveitarfélög í heild að því að aðstoða við einstök mál sem koma upp. Sérfræðingar VSÓ hafa unnið að umhverfismati landsáætlana, skipulags og unnið fjölda þróunarverkefna á þessu sviði. VSÓ Ráðgjöf sinnir einnig gerð aðal-, deili- og rammaskipulagsáætlana ásamt verkefnisstjórn slíkra verkefna.

Góðar hugmyndir þarf að útfæra þannig að þær uppfylli kröfur sem sveitarfélög, notendur, löggjöfin og þróunaraðilar gera til viðkomandi verkefnis. Í vinnu við skipulagsmál sveitarfélaga hefur VSÓ Ráðgjöf beitt sérstöku verklagsferli þar sem lögð er áhersla á kerfisbundna nálgun skipulagsvinnu, þverfaglega yfirsýn, kostnaðarrýni, samskipti og samráð allra hagsmunaaðila.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, fax: 585 9010, netfang: vso@vso.is, heimasíða: www.vso.is



Um fyrirtækið

VSÓ Ráðgjöf ehf. var stofnað árið 1958. Í upphafi starfaði fyrirtækið einkum á sviði byggingarverkfræði en á síðari árum hefur verið lagt út á nýjar brautir í þjónustu til að mæta auknum þörfum viðskiptavina. Árið 1996 hóf VSÓ að veita ráðgjöf varðandi skipulags- og umhverfismál og hefur sá þáttur farið vaxandi með hverju árinu.

Upplýsingar um starfsemi VSÓ Ráðgjafar má finna á heimasíðu okkar www.vso.is